

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um styrk úr lands- 123**  
**sjóði til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi.** — Samkvæmt beiðni sýslunefndanna 25. ágúst.  
 í Rangárvallasýslu og Árnessýslu, tillögum yðar, herra sýslumaður, í þóknan-  
 legu brjefi, dagsettu 2. þ. m., og tillögum sýslumannsins í Árnessýslu í brjefi 9.  
 maí þ. á., vil jeg hjer með af fje því, sem í 12. gr. C. a. nügildandi fjárlaga er  
 veitt til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, veita til gufubáts-  
 ferða á þessu sumri í Sunnlendingafjórðungi milli Reykjavíkur og Eyjafjalla 1050  
 krónur, til móts við 350 krónur samtals úr sýslusjóðum tjeðra sýslufjelaga.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjer með þjónustusamlega til vitundar gef-  
 ið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu um sveit- 124**  
**festi þurfalings.** — Í brjefi, dagsettu 5. þ. m., sem hingað hefir borizt beina 27. ágúst  
 leið, hefir hreppsnefndin í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu  
 skotið til úrlausnar minnar ágreiningi milli Reykjavíkurkaupstaðar og tjeðs  
 hrepps um sveitfesti Jóns nokkurs Þórðarsonar.

Út af þessu gefst yður, herra amtmaður, til vitundar til þóknanlegrar leið-  
 beiningar og frekari birtingar, að með því að skjöl málsins bera með sjer, að  
 bæjarfógetinn í Reykjavík og sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu eru á  
 eitt sáttir um sveitfesti umgetins Jóns Þórðarsonar, þá er með því lagður fulln-  
 aðarúrskurður á þetta mál, samkvæmt fátækrareglugjörðinni 8. janúar 1834, 3.  
 gr.

**Brjef landshöfðingja til biskupsins um flutning á kirkju.** — Samkvæmt ósk 125  
 hlutadeiganda safnaðar og tillögum yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dag-29. ágúst  
 settu í gær, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að Skorrastaðarkirkja  
 sje flutt að Nesi í Norðfirði. Að því leyti, sem jörðin Nes er þjóðjörð, er ekk-  
 ert því til fyrirstöðu frá minni hálfu, að kirkjustæði og kirkjugarðsstæði fáist  
 þar.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegr-  
 ar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvöldanna um lántökuleyfi handa prestakalli til 126**  
**húsbyggingar.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra 3. sept.  
 biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 1. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki  
 mitt til þess, að presturinn í Þingeyrarprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi, síra  
 Bjarni Pálsson, taki 1000 króna embættislán handa prestakallinu til þess að  
 koma upp á prestssetrinu í stað 4 hinna gömlu bæjarhúsa: bæjardyra, búrs, eld-  
 húss og kofa eins, einu vönduðu húsi með torfveggjum og torfpaki, en þilstöfn-  
 um, og sje húsið 21 alin á lengd og 7 álnir á breidd að utanmáli grindarinnar,  
 með 4 álna háum stöðum og reisifjöl yfir því öllu. Skulu 8 álnir af lengd húss-  
 ins vera stofa afþiljuð og afþiljaður bæjardyrangur, hvorttveggja með lopti  
 yfir, í miðju húsinu á 6 álna lengd þiljað matreiðsluhús, og loks búr þiljað og

14. dag septembermán. 1896.

**126** með lopti yfir í hinum enda hússins. Ennfremur er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum í lengsta lagi með jöfnum árlegum greiðslum, auk vaxta, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje að öllu traust og vel vandað, að það með öllu tilheyrandi verði eign prestakallsins, að presturinn haldi húsinu jafnan vátryggðu undir eptirliti prófasts fyrir 1000 krónum að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Leyfi mitt frá 16. ágúst 1890 til lántöku handa tjeðum presti til húsabóta á prestssetrinu er hjer með apturkallað.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**127** Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um bygging á húsi handa sjó-  
13. ágúst mannaskólanum í Reykjavík. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 11. marz þ. á., hefir ráðaneytið fengið yfirlýsing F. Balds timburmeistara um það, hvort auðið væri að koma upp fyrir fje það, sem veitt er í 13. gr. V. b. 5. í hinum núgildandi fjárlögum, 8000 krónur, timburhúsi handa sjómannaskólanum í Reykjavík, er eigi sje í því bústaður handa forstöðumanni skólans, og sje annars svo stórt og þannig lagað, sem hið meira þeirra tveggja skólahúsa, er forstöðumaður skólans hefir stungið upp á í brjefi því með tveim teikningum, sem fylgdi áðurnefndu brjefi yðar, þannig að sleppt yrði vara-kennslubekknun, en bætt aptur við geymsluherbergi fyrir eldivið og ljósmat. Endurrit af yfirlýsing Balds timburmeistara fylgir hjermeð, og er hún á þann veg, að hann álití að koma megí upp fyrir 11000 krónur hæfilega traustu og vönduðu húsi svo stóru og þannig löguðu, sem hið áðurnefnda meira skólahús, er forstöðumaður skólans hefir stungið upp á. Í þessari upphæð er eigi talinn kostnaður við kaup á lóð undir skólahúsið, nje við útihús (salerni og hlandhús) og girðing um lóðina; þann kostnað kveðst Bald timburmeistari eigi geta dæmt um, því að hann sje kominn undir stærð lóðarinnar, og því hvernig og hvar hún liggi. Svo hefir hann látið það álit sitt í ljós, að eigi sje auðið að byggja vandað hús svo stórt og þannig lagað, sem hið minna þeirra tveggja húsa, sem forstöðumaður skólans hefir stungið uppá, fyrir það fje, sem veitt hefir verið, 8000 krónur.

Ráðaneytið, sem annars verður að vera alveg samdóma yður um það, sem tekið er fram í áðurnefndu brjefi yðar í samræmi við tillögur forstöðumanns skólans og stiptsyfirvaldanna, að æskilegt sje að hið umrædda skólahús yrði byggt úr steini og að í því sje bústaður handa hinum fasta kennara við skólan, hefir samkvæmt yfirlýsing þeirri, sem þannig liggur fyrir frá byggingafróðum manni, eigi álitíð það ráðlegt að fara að byggja hið umgetna hús fyrir það fje, er til þess þess hefir verið veitt. Samkvæmt tillögum, yðar, — nefnilega, að mál þetta yrði látið biða, þangað til alþingi kemur saman næst, ef haganlegu og vönduðu húsi yrði eigi komið upp fyrir 8000kr., — hefir ráðaneytið því ákveðið að fresta þessu máli, þangað til alþingi kemur saman næst, og beðið